

Brjef landshöfðingja til N. N. viðvíkjandi endurgjaldi fyrir vöntun í peningasendingu. — Eptir að hafa leitað umsagnar póstmeistarans viðvíkjandi erindi yðar, dags. 26. sept. f. á., um endurgjald á 130 kr., er þjer tjáð að glatazt hafi úr peningabrjefi frá yður til landfógetans í póstferð í maímán. síðastliðið sumar, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður, að með því að það kom í ljós, þegar brjefið var opnað af viðtakanda í viðurvist póstmeistarans og tveggja votta, að í brjefið hafði verið látið miklu meira af mótuðum peningum (gulli) heldur en leyfilegt er samkvæmt 13. gr. 2. c. í auglýsingu um póstmál 3. maí 1872 að láta í eitt peningabrjef, og með því að fyrirmælum nefndrar lagagreinar hafði heldur ekki verið fylgt af yðar hálfu að því leyti, að brefinu væri lokað með privatinnsigli auk innsigla póstafgreiðslunnar, sem er skilyrði fyrir því, að það verði gagnvart póstsjóði álitid sannað, að sú upphæð, sem upp er gefin utan á brjefinu hafi verið í því í raun og veru, þá fer því svo fjarri, að póstsjóði beri skylda til að endurgjalda yður upphæð þá, er þjer tjáizt hafa misst, að ekki er einu sinni nokkur heimild til þess án sjerstaks samþykkis fjárveitingaavaldsins. 1
3. jan.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu um skyldu framfærslusveitar barnsföður til meðlagsgreiðslu með óskilgetnum börnum hans. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 17. f. m., hafid þjer, herra amtmaður, látið mjer í tje umsögn yðar viðvíkjandi erindi hreppsnefndarinnar í Mosfellshreppi, dags. 23. nóv. f. á., þar sem hún áfrýjar til mín úrskurði yðar, dags. 20. okt. f. á., er ákveður, að Garðahreppur á Álptanesi, sem er framfærsluhreppur Júlíusar nokkurs Björnssonar, föður tveggja óskilgetinna barna Solveigar nokkurrar Nielsdóttur, er flutt hefur verið á Mosfellssveit ásamt börnum sínum árið 1890, skuli fyrir tímabilið 31. júlí 1890 til 31. júlí 1893 vera laus við að inna af hendi meðlag eða fúlg, sem ofanefndum Júlíusi Björnssyni með framfærsluúrskurði amtsins, dags. 13. desbr. 1892, er gjört að greiða barnsmóðurinni eða framfærslusveit hennar. Fer hreppsnefndin í Mosfellshreppi fram á, að tjeður úrskurður yðar verði úr gildi felldur, og Garðahreppur skyldaður til að greiða Mosfellshreppi sem framfærslusveit barnsmóðurinnar, sem þar 2
12 jan.

10. dag febrúararmán. 1895.

2 er á sveitarframfæri, hina ákveðnu fólgu barnsföðurins fyrir ofan greind
12. jan. þrjú ár, 30 kr. á ári með hvoru barni, alls 180 krónur, en til vara, að sýslumaðurinn í Kjósar- og Gullbringusýslu og hinn þáverandi setti amtmaður í suduramtinu og vesturamtinu verði látnir bæta Mosfellshreppi tjón það, er þeir kunni að hafa bakað hreppnum með óparfa drætti á þessu máli.

Gangur málsins er sá, að eptir að Solveig Nielsdóttir ásamt umgetnum börnum sínum hafði verið flutt á framfærsluhrepp sinn, Mosfellshrepp, sumarið 1890, eins og fyr greinir, leitaði hreppsnefndin sýslumanns síns með brjefi dags. 4. apríl 1891, með beiðni um, að ákveðin væri með yfirvaldsúrskurði meðlagsupphæð sú, er barnsföðurnum bæri að greiða. Með því að hreppsnefndin ekkert svar hafði fengið upp á þessa málaleitun, endurnýjaði hún beiðni sína með brjefi dags. 4. desbr. 1891, og eptir að sýslumaður því næst hafði ritað amtinu um málið 30. jan. 1892, felldi amtið loks framfærsluúrskurð þann, sem áður er á drepið 13. desember 1892, og er í þeim úrskurði ákveðið, að gjalddagi fólgunnar skuli vera 31. júlí ár hvert. Barnsfadurinn, sem heimili hafði átt í Garðahreppi fram á árið 1890, en var þá orðinn lausamaður og óvist um heimilisfang hans, greiddi ekkert af fólgunni, og sneri hreppsnefndin í Mosfellshreppi sjer loks með brjefi, dags. 28. ág. 1893, til hreppsnefndarinnar í Garðahreppi, og krafðist þess, að tjeður hreppur sem framfærsluhreppur Júlíusar innti af hendi þriggja ára meðlag, 60 kr. á ári, frá 31. júlí 1890 til 31. júlí 1893. Þessari kröfu mótmælti hreppsnefndin í Garðahreppi með brjefi dags. 26. okt. 1893, af þeim ástæðum: 1., að vottorð vantaði frá sveitarstjórninni í dvalarsveit stúlkunnar (Mosfellssveit) um, að hún væri eigi einfær til að annast börnin; 2., að Garðahreppur væri ekki vistarsveit barnsföðurins og hefði ekki verið það í 3 ár, en það væri skilyrði fyrir því, að gengið yrði að framfærsluhreppnum með fólgu greiðslu, að áður hefði verið gengið að vistarsveitinni, og hún árangurslaust leitað þess, að fá meðgjöfina endurgoldna hjá barnsföðurnum; 3., að eigi geti verið að ræða um nema »síðustu ársmeðgjöf« hvert sinn. Eptir að hreppsnefndin í Mosfellshreppi því næst á ný með brjefi, dags. 20. nóv. 1893, árangurslaust hafði krafð hreppsnefndina í Garðahreppi um optnefndar 3 ársfólгур, sneri hún sjer af nýju til hlutaðeigandi sýslumanns með brjefi dags. 24. febr. 1894, og beiddist þess, að hann krefði um meðlagsfólguuna fyrir hreppinn, en með brjefi, dags. 23. júlí 1894, skaut sýslumaðurinn málefninu til amtsins, og eptir að nauðsynleg skjöl og skilríki því næst höfðu verið útveguð eptir fyrirlagi yðar, herra amtmaður, í brjefi til sýslumannsins, dags. 31. júlí f. á., uppkváðuð þjer hinn 20. okt. f. á. úrskurð þann í málinu, sem að framan greinir, og hreppsnefnd Mosfellshrepps hefur áfrýjað.

Þegar þá til þess kemur, að skera úr þrætuefninu, skal það fyrst tekið fram, að jeg er yður samdóma um, að Garðahreppur sje rjettur málsaðili í máli þessu gagnvart Mosfellshreppi. Ákvæði 3. gr. í lögum um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl. 24. jan. 1890 um það, að barnsmóður eða dvalarsveit hennar sje heimilt að heimta síðustu ársfólgu af vistarsveit barnsföður-

ins, er svo aptur eigi aðgang að framfærslusveit hans, sem opt getur verið **2**
 erfitt að finna í svip, eru sett til hægðarauka fyrir barnsmóðurina, og finnst **12. jan.**
 ekki vistarsveit barnsföðursins, kemur því framfærslusveit hans að sjálfsögðu
 í hennar stað. — Þar sem það nú er viðurkennt, að Júlíus Björnsson hafi átt
 fast heimili í Garðahreppi fram á árið 1890 og sje þar sveitlægur, en hinu
 hefur ekki verið mótmælt, að hann sje á lífi en hafi ekki fast heimili, svo
 fundizt hafi, er það rjett, að Mosfellshreppur snúi að Garðahreppi þeim kröf-
 um, sem heimilaðar eru í 3. gr. laga 24. jan. 1890. — Sömuleiðis er jeg yður
 samdóma um, að sú mótbára hreppsnefndarinnar í Garðahreppi, að ekki hafi
 fyrir legið nægileg vottorð frá dvalarsveit stúlkunnar um það, að hún væri
 eigi einfær um að annast börn sín, sje ekki á rökum byggð, þar sem hrepps-
 nefndinni í Garðahreppi var kunnugt um, að hún var á sveitarframfæri í
 Mosfellssveit, eins og hreppsnefndin þar einnig skýrt tók fram í kröfubrjefi
 sínu 28. ág. 1893. — Aptur á móti get jeg ekki verið yður samdóma um það,
 að skylda Garðahrepps til þess að inna meðlögin af hendi sje undir því kom-
 in, hvort þau gagnvart barnsföðurnum hafi misst lögtakskrapt samkvæmt opnu
 brjefi 28. okt. 1805 og 2. gr. laga 16. desbr. 1885 á þeim tíma, þegar yfirvaldsúrskurð-
 ur út af fram komnum mótmælum um greiðsluskyldu hreppsins er felldur, heldur
 verð jeg að álíta, að skylda sú, sem 3. gr. laga 24. jan. 1890 leggur vistarsveit eða í
 þessu tilfelli framfærslusveit barnsföður á herðar, verði eingöngu að miðast
 við þann tíma, þegar krafan á hendur sveitinni er gjörð, þannig, að það sje
 nægilegt, að fullnægt sje því skilyrði, sem lagagreinin inniheldur, að krafan
 sje fallin í gjalddaga og taki ekki lengra fram en til síðasta ársmeðlags, það
 er með öðrum orðum, að barnsföðurhreppurinn sje skyldur að greiða þá fúlgú,
 sem hann af rjettum hlutadeigendum og að öðru leyti samkvæmt lögunum
 hefur verið krafinn um áður en ár var liðið frá því er hún fjell í gjalddaga.

Eins og að framan er tekið fram, gjörði Mosfellshreppur enga kröfu
 á hendur Garðahreppi um hin umræddu ársmeðlög fyrir árin 31. júlí 1890 til
 31. júlí 1893 fyr en með brjefi, dags. 28. ágúst 1893. Skilyrði fyrir því að
 geta gjört kröfu þessa var það, að áður væri ákveðin af amtinu upphæð
 fúlgú þeirrar, er barnsföðurnum bæri að greiða. Með því að síðustu forvöð
 til þess að heimta af Garðahreppi fúlguna fyrir tímenn frá 31. júlí 1890 til
 31. júlí 1891 var 31. júlí 1892, en úrskurður amtsins um upphæð fúlgunnar
 fjell ekki fyrr en 13. desbr. 1892, var barnsmóðirin og sveit hennar búin að
 missa rjett sinn til þess að krefja Garðahrepp um hið fyrsta ársmeðlag, þeg-
 ar áður en amtið ákvað upphæð meðlagsins. Öðru máli hefði verið að gegna
 að því er snertir fúlguna fyrir tímenn frá 31. júlí 1891 til sama tíma 1892,
 ef rjettar barnsmóðurinnar hefði verið gætt af hreppsnefndinni eins og vera
 bar, því að þá fúlgú hefði mátt heimta af barnsföðurhreppnum allt þangað
 til 31. júlí 1893, eða í hálfan áttunda mánuð eptir að framfærsluúrskurður
 amtsins var upp kveðinn; en eins og áður sagt, kom hreppsnefndin í Mosfells-
 hreppi ekki fram með kröfuna fyrr en **28. ágúst 1893**, og má því sjálfri sjer

2 um kenna, að hún einnig að því er það ársmeðlag snertir, hefur misst rjett
 12. jan. sinn gagnvart Gardahreppi. Þá er að eins eptir ársmeðlagið fyrir tímamann frá 31. júlí 1892 til 31. júlí 1893, er þjer hafð álitid, að Gardahreppur einnig ætti að vera laus við að greiða, af því að krafan, sökum dráttar af hálfu sýslumanns, hafi verið búin að missa lögtaksrjett, þegar úrskurður yðar 20. okt. f. á. gat orðið upp kveðinn; en með því að krafa Mosfellshrepps þar að lútandi er nógu snemma komin, verður samkvæmt því sem áður er sagt að álíta skilyrði laganna þar með fullnægt, án tillits til þess tíma, sem það hefur tekið að úrskurða fram komin mótmæli, og ber því að skylda hreppsnefndina í Gardahreppi til að greiða barnsmóðurinni eða hreppsnefndinni í Mosfellssveit fyrir hennar hönd meðlagsupphæðina fyrir nefnt ár með 60 krónum. Að öðru leyti staðfestist úrskurður yðar að því er hin áfrýjuðu atríði snertir.

Að því leyti sem úrskurður yðar ákveður, að Gardahreppi beri að greiða sama ársmeðlag fyrir tímabilið frá 31. júlí 1893 til 31. júlí 1894, hefur honum eigi verið áfrýjað, og stendur það því óhaggað.

Viðvíkjandi varakröfu hreppsnefndarinnar í Mosfellshreppi skal það að lokum tekið fram, að það sætir úrskurði dómstólanna, hvort hlutadeigandi yfirvöld hafa bakað sjer skaðabótaskyldu gagnvart hreppnum, en um það verður hjer eigi úrskurðað.

3
 16. jan. er kona hans hafði giptz öðrum manni, til þess að ganga að eiga aðra konu.

Í allra þegnsamlegastri bænaskrá, dags. í dag, er send hefur verið hingað, hefur N. N., húsmáður hjer í bænum, sótt um leyfisbrjef til algjörðs hjónaskilnaðar við konu sína N. N., sem árið 1889 fór hjeðan til Ameríku og giptist þar öðrum manni í Douglas-Country í Wisconsin hinn 11. febr. 1891, og jafnframt hefur hann beiðst leyfis til að ganga að eiga stúlku, sem hann hefur eignazt barn með. Út af þessu skal yður hjer með þjón. tjáð sem hlutadeigandi prestis, til þóknanlegrar leiðbeiningar fyrir yður og til þess að þjer birtið það hlutadeiganda, að með því að það er sannað með hinu staðfesta eptirriti af hjónavígsluvottorði, er umsóknarskjalinu fylgir, að kona umsækjanda hafi gjörzt sek í *bigami*, þ. e. því broti, að eiga tvo menn í einu, þá verður samkvæmt ákvæðunum í norsku laga 3 — 18 — 16 — 8 að líta svo á, að hjónabandi hans við konuna sje þar með slitið, ef hann ekki vill taka hana til sín aptur, þannig, að honum sje fullkomlega heimilt að kvænast á ný, án þess að fá áður skilnaðardóm eða skilnaðarleyfi. Með því að barn það, er hann hefur átt við kvennmanni þeim, sem hann ætlar að ganga að eiga, er ekki fætt fyrr en 12. okt. 1894 eða löngu eptir að hjónaband hans samkvæmt framansögðu var fallið úr gildi við afbrot konunnar, þá hefur hann ekki gjörzt sekur í neinu hörbroti við getnað nefnds barns, og þarf því heldur ekki í því tilliti neitt leyfi til þess að ganga að eiga stúlkuna N. N.